

Ályktanir Hrolllaugs sem samþykktar voru á aðalfundi félagsins þann 27.9.2017

Til 33. aðalfundar LS

Strandveiðar

- **Byggðakvóti í strandveiðikerfið.**

Allur byggðakvóti verði settur í strandveiðikerfið og að byggðakvótakerfið verði lagt niður. Strandveiðikerfið myndi eflast það mikið að smábátaútgærð myndi auka störf um allt land og einnig í þeim byggðum sem reiða sig hvað mest á byggðakvóta. Tækifæri myndu aukast í öllum byggðum í að koma af stað smábátaútgærðum og auka við nýliðun.

- **Farþegaleyfi**

Strandveiðibátum verði heimilt að fá farþegaleyfi samhliða strandveiðileyfi og megi bjóða til sölu ferðir á strandveiðar að útfylltum öryggiskröfum Samgöngustofu. Fjöldi farþega í hverjum báti ræðst af stærð báts og öryggisbúnaði.

Á banndögum í strandveiðikerfinu og ef einhverra hluta vegna komi til stöðvunar veiða verði strandveiðibátum heimilt að bjóða upp á sjóstangaveiðiferðir og falli þá undir kröfur Fiskistofu um 49 fiska á dag. Með þessu myndu tækifæri innan strandveiðikerfisins aukast til muna og bátarnir fengju betri nýtingu við atvinnusköpun allt í kringum landið. Kerfið yrði um leið fýsilegra fyrir nýliða.

- **Strandveiðar 4 daga í viku**

LS berjist af alefli fyrir því að strandveiðar verði leyfðar 4 daga í viku frá 1. maí til 31. ágúst ár hvert á öllum svæðum án þess að það komi til stöðvunar veiða.

Komi fram á Alþingi tillögur að eflingu strandveiðikerfisins sem miða að eflingu kerfisins svo um munar skuli fara fram eins skjótt og auðið er rafræn kosning meðal félagsmanna LS með svarmöguleikanum já/nei um

það hvort LS komi með opinbera yfirlýsingu um stuðning við tillögurnar eða ekki.

Með því næst fram skýr vilji allra félagsmanna LS um afstöðu til frumvarpa á þingi er varða strandveiðar.

Veiðigjöld

- **Veiðigjöld (auðlindaskattur) verði eingöngu lögð á handhafa aflaheimilda en ekki leigjendur aflaheimilda.**
- **Veiðigjöld verði afnumin undir 50 lönduðum tonnnum á fiskmarkað.**
- **Sérstakt 50.000 kr gjald á strandveiðar verði afnumið.**

Sameining krókaaflamarks við aflamark

- **Hugmyndum mótmælt um netaveiðar krókabáta og sameiningu krókaaflamarks við aflamark.**

Úrsagnarfrestur úr LS

- Úrsagnarfrestur úr LS verði 3 mánuðir en ekki frá 6-18 mánuðir eins og segir í [5. gr.](#) samþykktu félagsins sem hljómar svona:

5. gr.

„Komi til þess að félagi ákveði að segja sig úr LS skal úrsögnin vera skrifleg og undirrituð af stjórnendum félagsins. Úrsögnin miðast við áramót með minnst 6 mánaða fyrirvara.“

Í stað þess að félagar LS hafi allt að eins og hálfis árs úrsagnarfrest og niður í minnst 6 mánaða úrsagnarfrest til þess að hætta í félaginu verði úrsagnarfrestur 3 mánuðir og taki gildi nákvæmlega 3 mánuðum eftir að úrsögn er tilkynnt og ekki verði miðað við nein áramót.

Enginn hagur er fyrir sérhvern félagsmann að þurfa eins langan fyrirvara og nú er til þess að hætta í félaginu kjósi hann það og telji hag sínum betur borgið utan þess en innan.

Makrill

- Smábátar fá 16% hlutdeild í makríl og veiðar á honum gefnar frjálssar upp að 16% af heildarkvóta hans.

Grásleppa

- **Hrollaugur mótmælir með öllu hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.**

Kvótasetning grásleppu eykur samþjöppun í sjávarútvegi og dregur úr tækifærum nýliða í sjávarútvegi og þar með aðgengi komandi kynslóða að greininni.

Humarveiðar smábáta

- **LS beiti sér fyrir því að kanna möguleika á humarveiðum í gildrum.**

Nú er það nokkuð ljóst að verið er að eyðileggja humarmiðin með öflugum togurum og að hluti humarkvótans brennur inni. Nú er tækifæri til að opna fyrir nýjungar í veiðum smábáta við Ísland.

Verum opnir fyrir framtíðinni og nýjungum í greininni.

Aðstaða smábáta við löndunarkrana

- **Samræma löndunarkrana smábáta og hafnarmannvirki í reglugerð.**

Hvergi stendur í reglum neitt um löndunarkrana, hvernig uppsetningu þeirra skuli háttað, né hvernig bryggjuaðstaða á að vera í kringum löndunarkrana smábáta.

Það að þetta skuli ekki vera í reglugerð þýðir bara það að menn sleppa því að hafa aðstöðuna fullnægjandi og sumstaðar er hún jafnvel stórhættuleg, gott dæmi - engir stigar við löndunarkrana!

Byggðakvóti

- Ef til úthlutunar byggðakvóta kemur, verði honum eingöngu úthlutað á dagróðrabáta á krókaveiðum.

Símasamband

- Farsíma- og útvarpssamband á Lónbugt (frá Stokksnesi austur fyrir Hvalnes).

Staðan hefur ekkert breyst frá því í fyrra og útvarp og sími nást varla á þessu svæði.

Botnvarpa

- Banna veiðar með botnvörpu innan 12 mílna.

Botnvarpa hefur mikil áhrif á lífríkið og á ekki heima innan 12 mílna frá landi.